



Reykjavík 7. október 2023

Umsögn Sjúkraliðafélags Íslands um fjárlagafrumvarp 2024 í 10 punktum

1. Fjárlagafrumvarp 2024 staðfestir talsvert betri afkomu ríkissjóðs en búist var við. Tekjur ríkisins eru miklu hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir, ekki síst þar sem hagvöxtur og neysla innanlands hefur verið mikil ásamt talsverðri fólksfjölgun. Ríkið skattleggur neyslu landsmanna og ferðamanna ásamt laun sem síðan skilar sér í meiri tekjum inn í ríkissjóð. Nýjasta fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar sýnir einnig að skuldastaða ríkisins er betri en búist var við og afkoman sömuleiðis.

Því verður að telja að **svigrúm sé fyrir hendi að bæta í heilbrigðismálin**. Þrátt fyrir það **munu heilbrigðismálin fá sama hlutfall af útgjöldum ríkisins og þau fengu í síðasta fjárlagafrumvarpi** eða 31%. Með síendurteknum loforðum um innspýtingar í heilbrigðismálin og með hækkandi aldri þjóðarinnar ætti þetta hlutfall að hækka jafnt og þétt.

Heilbrigðisstarfsfólk hefur ítrekað bent alþingismönnum á þann vanda sem heilbrigðiskerfið glímir við.

Ítrekað berast fréttir af "**neyðarástandi**" meðal annars á bráðamóttöku Landspítalans en fjárlaganefnd hlýtur að vilja bregðast við því í meðförum sínum á fjárlagafrumvarpinu.

Stjórnvöldum er tíðrætt um að **mönnunarvanda** í heilbrigðiskerfinu og er hægt að taka undir þær áhyggjur. Sjúkraliðafélag Íslands minnir þó á að í því sambandi að allt að helmingur útskrifaðra sjúkraliða sem kýs ekki að vinna við fagið. Skýringa á því má m.a. rekja til þeirra kjara sem stéttinni er búið að, ásamt vinnuálagi og vinnuaðstæðum.

Mönnunarvandinn er því jafnframt fjármagnsvandi. Hið menntaða starfsfólk er því til en það stendur á stjórnvöldum að standa við sitt.

Þingmenn vita að óbreytt staða í heilbrigðiskerfinu mun kosta hið opinbera meira á morgun heldur aðgerðir dagsins í dag kosta. Sjúkraliðafélag Íslands minnir fjárlaganefnd á, að nefndin hefur fullan stuðning þjóðarinnar þegar kemur að bæta fjármagni í heilbrigðiskerfið.

Þegar litið er á þann vöxtur útgjalda ríkissjóð sem finna má í frumvarpinu þá er hann útskýrður þar með þessum orðum að hann sé „**að stærstum hluta drifinn áfram af launa- og verðlagsbreytingum en ekki nýjum ákvörðunum**“. Það er í sjálfu sér er áhyggjuefni okkar sem viljum sjá nýja innspýtingu í heilbrigðiskerfið.

Ein hugmynd sem Sjúkraliðafélag Íslands vill hvetja fjárlaganefnd til að gera að sinni en það er eyrnamerkja nú einhverja fjármuni á málefnasviðin „sjúkrahúspjónusta“ og „heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa“ sem eru heilbrigðisstofnanir út á landi og heilsugæslan, sem **síðar rynnu í stofnanasamninga við heilbrigðisstéttir. Stofnanasamningar skipta þessar stéttir miklu máli en viðmóti stofnana er iðulega það sama að ekki séu til peningar.**

Ef fjárlaganefnd er alvara að tryggja betri mönnun á heilbrigðisstofnunum þá væri þetta raunhæf leið sem alþingismenn gætu farið. Fjármunirnir gætu verið ákveðið hlutfall af núverandi rekstrarfé viðkomandi heilbrigðisstofnana (6) og sjúkrahúsa (2) og heilsugæslunnar.

2. Sé hins vegar litið á **lykiltöflu fjárlagafrumvarpsins á bls. 136** (en það er tafla sem sýnir raunbreytingar til sérhvers málefnasviðs án þeirra breytinga sem verða vegna verðbólgu) þá kemur í ljós að **„Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa“ er að fá einungis 3,9% raunhækkun** sem er litlu hærra en sem nemur fjölgun landsmanna og eldri borgara.

Að jafnaði fjölgar eldri borgurum um 3% á milli ára en það er hópur sem helst nýtir heilbrigðiskerfið.

Þessi litla raunlækkun er í litlu samræmi við fyrirheit stjórnvalda um aukið fjármagn í heilbrigðisþjónustu fyrir alla. Fjárlaganefnd Alþingis er því hvött til að bæta fjármagni til heilbrigðismála, ekki síst þegar kemur að heilbrigðisstofnunum út á landi, heilsugæslu og heimahjúkrun.

Í sambandi við þetta málaefnasvið er minnt á að í fjárlagafrumvarpinu er sagt að vinna skuli áfram að eflingu fjölpættra úrræða fyrir sjúklinga utan sérgreinasjúkrahúsa. Þá segir í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að það eigi að "auðvelda eldra fólki að búa sem lengst heima með viðeigandi stuðningi og þjónustu" og að "heilsugæslan verði styrkt enn frekar sem fyrsti viðkomustaður notenda og byggð upp þverfagleg teymisvinna þar sem unnið er að stöðugum umbótum".

Í þessu ljósi þyrfti án efa að tryggja enn frekar fjármagn til þessa mikilvæga málefnasviðs.

Eitt er víst að sjúkraliðar taka öflugan þátt í heimaþjónustu og -hjúkrun ásamt því að vera hluti af margvíslegri þverfaglegri vinnu innan fjölmargra stofnana. Öflug heimahjúkrun spararfé til lengri tíma og mætir breyttri aldursdreifingu þjóðarinnar. Sjúkraliðafélag Íslands **minnir því fjárlaganefndina á að hér þarf að tryggja nauðsynlegt fjármagn. Það getur kostað peninga að spara peninga.**

3. Þá vekur einnig athygli að eitt af fáum málefnasviðum sem fá **raunlækkun** á milli ára er **„Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta“** og er lækkunin rúmum 3 ma.kr. að raunvirði. Gagnlegt væri að **fá skýringar fjárlaganefndar á þeirri raunlækkun.**

Þetta er ekki síst áhugavert í ljósi þeirrar 3% fjölgunar eldri borgara sem stjórnvöld sjálf gera ráð fyrir í fjármálaáætlun sinni. Þessi vandi hjúkrunarheimilanna er því sérstakt áhyggjuefni sem ætti ekki að koma neinum þingmanni á óvart. Í fjárukalægum 2021 viðurkenndi þáverandi Alþingi að rekstrargrunnur hjúkrunarheimila vantaði um einn milljarð kr. Alþingismenn hljóta að komast að sömu niðurstöðu núna.

Sjúkraliðafélag Íslands hvetur **því þingmenn fjárlaganefndar til að snúa þessari þróun við. Fjárveitingarvaldið liggur hjá þingmönnum.**

4. Í fjárlagafrumvarpinu er eitt af markmiðum stjórnvalda sagt vera **að greina mannaflapörf fyrir fjölmennustu heilbrigðisstéttirnar.** Þá stendur einnig í frumvarpinu að vinna skuli áfram með tillögur fjögurra vinnuhópa frá árinu 2020, m.a. í samstarfi með Landsráði um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu. Þetta var hins vegar einnig sagt í síðasta fjárlagafrumvarpi. Það væri því gagnlegt ef **fjárlanefnd myndi leggja á árar með heilbrigðisstéttum að þessi vinna verði kláruð.**
5. Þá á samkvæmt fjárlagafrumvarpinu að auka **þverfaglegt samstarf og teymisvinnu í heilsugæslu og setja á fót fjarheilbrigðisþjónustuteymi** sem veitir ráðgjöf og handleiðslu til heilbrigðisstofnana á landsvísu og tryggja þannig aðgengi að sérhæfðri þjónustu þegar við á. Hér er mikilvægt að sjúkraliðar hafi stað í þeirri vinnu og aftur væri **gagnlegt að fá stuðning fjárlaganefndar** í þeim efnum í nefndaráliti hennar.
6. Þrátt fyrir betri afkomu en búist var við, verður um 46 ma.kr. halli á ríkissjóð á næsta ári og boða stjórnvöld aðhald og „**mun því koma til nokkurrar fækkunar stöðugilda í stofnanakerfinu sem bæði getur komið fram í gegnum starfsmannaveltu og uppsagnir**“, eins og stendur í frumvarpinu. Það getur verið áhyggjuefni fyrir okkur sem störfum í heilbrigðiskerfi sem vantar fleira fólk en ekki færra.

Hér þarf því að vakta útfærslu aðhaldsaðgerða stjórnvalda mjög vel og **vonandi ná þær ekki til heilbrigðiskerfisins og væri mjög gagnlegt ef fjárlaganefnd myndi hnykkja á því í nefndaráliti sínu.**

7. Þegar kemur að aðhaldi í fjárfestingum ríkisins segir að þá verði „frestun á legudeild Sjúkrahússins á Akureyri og viðbyggingu Sjúkrahússins á Selfossi“. Á öðrum stað í frumvarpinu segir „að vinna eigi að endurmati þarfagreiningar fyrir legudeild við Sjúkrahúsið á Akureyri“ og „fjárheimild málaflokksins er lækkuð tímabundið um 600 m.kr. vegna frestunar á framkvæmdum við nýja legudeild við Sjúkrahúsið á Akureyri. **Aðgerðin er sögð vera hluti af sértækum aðhaldsráðstöfunum.** Gert er ráð fyrir að seinka framkvæmdum um eitt ár.“ Þegar kemur að sjúkrahúsinu á Selfossi segir að „fældar séu niður 850 m.kr. af viðbótarfjárveitingu til framkvæmda við sjúkrahúsið á Selfossi vegna breytinga á verkáætlun en 704 m.kr. er hliðrað um eitt ár vegna frestunar á framkvæmdum við sjúkrahúsið.“ Gagnlegt væri fyrir heilbrigðisstarfsfólk að fá skýringar á því.

8. Þá er vakin athygli á því að settar verða **150 m.kr. til að sporna við skaða af völdum óþióða en þó eigi á að lækka á sama tíma um 200 m.kr. til endurhæfingarpjónustu vegna tímabundinna framlaga til SÁÁ, Samhjalpar og til vinnu gegn fíknisjúkdómum** sem Alþingi veitti í eitt ár. **Fjárlaganefnd er hvött til endurskoða þá lækkun**, ekki síst í ljósi þess faraldurs sem ný geysir yfir landið.
9. „**Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála**“ fær **tæplega 2% raunlækkun** á milli ára og er fjárlaganefnd hvött til að skýra þá lækkun fyrir almenningi.
10. Þar sem **kjarasamningar** við fjölmargar opinberar stéttir og þar með talið sjúkraliða, eru lausir á næsta ári, er ekki að finna sérstaka upphæð eyrnamerka hugsanlegum launabreytingum í fjárlagafrumvarpinu en sé litið á fjármálaáætlunina sem var samþykkt síðastliðið vor, kemur fram að gert er ráð fyrir 1,5% kaupmáttaraukningu.

Sjúkraliðafélag Íslands hvetur alþingismenn til að verja kaupmátt almennings í landinu en það verður m.a. gert í næstu kjarasamningum en einnig í þeim aðgerðum sem stjórnvöld standa iðulega fyrir til að liðka fyrir þeim samningum.

Það verður áhugavert að sjá hvernig ríkið mun semja við þessar lykilsstéttir sem iðulega fá mikið hrós frá þessum sömu stjórnvöldum á tyllidögum.

Sjúkraliðafélag Íslands minnir sömuleiðis á að 97% sjúkraliða eru konur og er því vandfundin meiri "kvennastétt". Sé stjórnvöldum alvara að rétta af kynbundinn launamun milli starfstétta þá er augljóst hvar ætti að byrja.

Þann 24. október 2012, undirrituðu stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins viljayfirlýsingu um samstarf til að eyða kynbundnum launamun: Núna eru 11 ár liðin frá þessari yfirlýsingu. Nú er lag að næstu kjarasamningar verði kvenna-kjarasamningar!

Heilbrigðiskerfið er sá málaflokkur sem flestir landsmenn telja vera þann mikilvægasta. Því er brýnt að það sjáist þegar kemur að fjárveitingum úr okkar sameiginlegum sjóðum.

Sjúkraliðafélag Íslands óskar eftir að koma á fund fjárlaganefndar til að fylgja eftir þessari umsögn.

Virðingarfyllst,

Sandra B. Franks, formaður Sjúkraliðafélags Íslands